

Miðvikudaginn 23. október 1991.

Nr. 60/1990. **Lögheimtan hf.**

(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

gegn

Tækja-tækni hf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Lausafjárkaup. Lántökugjald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. febrúar 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda í héraði og stefnda verði gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu áfrýjanda hefur því eigi verið andmælt, hvorki í héraði né fyrir Hæstarétti, að hann sé réttur aðili málsins.

Stefndi heldur því fram, að viðskipti sín og hins portúgalska fyrirtækis Carvouga hafi verið staðgreiðsluviðskipti, eins og reikningar fyrirtækisins beri með sér, og því hafi ekki verið skylt að greiða lántökugjald samkvæmt lögum nr. 10/1988, sbr. bráðabirgðalög nr. 68/1987, eftir sáttargerð þeirra í milli hinn 19. maí 1988. Krafa Carvouga á hendur stefnda samkvæmt reikningum hafi numið 196.367 þýskum mörkum. Með sáttinni hafi þeir gert upp viðskipti sín í milli, sem óleyst hafi verið vegna tiltekinna vanefnda Carvouga og gagnkrafna stefnda.

Í framangreindri utanréttarsátt var um samið, að stefndi greiddi jafnvirði 120.000 þýskra marka á gengi 18. maí 1988 eða 3.080.424 íslenskar krónur, og skyldi það vera fullnaðargreiðsla. Við undirritun var greidd 1.512.281 króna, en eftirstöðvar voru greiddar með skuldabréfi, út gefnu af Sambandi íslenskra samvinnufélaga, með gjalddaga 24. ágúst 1988. Þá var svo um samið, að skuldabréfið skyldi vera í vörslu áfrýjanda, þar til greiðsla færi fram. Í 5. gr. sáttarinnar var tekið fram, að áfrýjandi myndi sjá um allar gjald-

eyrisyfirfærslur samkvæmt samningnum, en stefndi myndi láta í té öll skjöl, sem nauðsynleg væru, til þess að yfirfærslur gætu farið fram.

Áfrýjandi greiddi hið umrædda lántökugjald í Seðlabanka Íslands án nokkurs fyrirvara eða samráðs við aðila sáttarinnar sama dag og hún var gerð, en tilkynnti stefnda þá ráðstöfun ekki fyrr en þremur mánuðum síðar. Þegar það er virt og með hliðsjón af orðalagi sáttarinnar verður ekki talið, að áfrýjandi hafi sýnt fram á, að honum hafi verið rétt að greiða lántökugjaldið að svo komnu eða hann hafi átt lögvarða kröfu á hendur stefnda, sem heimilaði honum að taka til sín 83.761,90 krónur af eftirstöðvum skuldabréfs Sambands íslenskra samvinnufélaga, þegar það var greitt upp á gjalddaga. Ber því með þessum athugasemdum að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Þá verður áfrýjandi dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Lögheimtan hf., greiði stefnda, Tækja-tækni hf., 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. nóvember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. október sl., er höfðað með stefnu, birtri 30. mars sl.

Stefnandi er Tækja-tækni h/f, Smiðjuvegi 44 D, Kópavogi.

Stefndi er Lögheimtan h/f, Laugavegi 97, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 83.761,90 krónur með [nánaar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að forsvarsmáður stefnanda hafi undirritað utanréttarsátt 19. maí 1988, þar sem stefnandi hafi lofað að greiða portúgölsku fyrirtæki, Carvouga, 120.000 þýsk mörk, sem hafi jafngilt 3.080.424 krónum. Hafi stefndi, Lögheimtan h/f, haft milligöngu um gerð þessa samkomulags, en Carvouga hafði falið stefnda það verk. Skv. 6. gr. sáttarinnar hafi verið um endanlegt uppgjör að ræða á milli deiluaðila

vegna viðskipta, sem þeir höfðu átt, og skyldi hvorugur þeirra eiga kröfur á hinn eftir gerð samkomulagsins.

Við undirritun sáttarinnar hafi stefnandi afhent stefnda tékka, að fjárhæð 1.512.281 króna, út gefinn 19. maí 1988 af Oliufélaginu h/f. Hafi þá staðið eftir af sáttinni ógreiddar 1.568.143 krónur. Til tryggingar þeirri fjárhæð hafi stefnda verið afhent skuldabréf, að nafnverði 1.508.899, út gefið 24. febrúar 1988 af Sambandi íslenskra samvinnufélaga, með gjalddaga 24. ágúst 1988. Skuldabréf þetta hafi verið greitt á gjalddaga, 24. ágúst 1988, með tékka, að fjárhæð 1.772.956,33 krónur, sem var innleystur 26. ágúst 1988.

Stefndi greiddi stefnanda 123.347,35 krónur með tékka 7. september 1988, þar af 2.295,92 kr. í dráttarvexti frá 26. ágúst til 7. september 1988. Hafði stefnandi þá haldið eftir 83.761,90 krónum af þeim 204.813,33 kr., sem stefnandi telur, að hann hafi átt að endurgreiða af andvirði bréfsins vegna kostnaðar og vaxta, sem stefndi greiddi Seðlabanka Íslands 19. maí 1988.

Stefnandi telur, að stefnda hafi borið að greiða sér mismun andvirðis skuldabréfsins og þess, er eftir stóð af sáttinni, samtals 204.813,33 krónur.

Stefndi tekur fram, að stefnandi hafi fengið vörur frá Carvouga á tíma-bilinu september til desember 1987, en engar greiðslur hafi farið fram fyrr en við sáttargerðina 19. maí 1988. Hafi viðskipti verið háð ákvæðum laga nr. 10 frá 1988 um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988, einkum V. kafla laganna. Gjaldskylda hvíli á lántakanda samkvæmt 14. gr. laga þessara, þ.e. stefnanda í þessu tilviki. Hafi stefnandi fengið greiðslufrest, sem var lengri en 60 dagar, og hafi því borið að greiða lántökugjald af 120.000 þýskum mörkum samkvæmt 16. gr. laganna, sem verið hafi umsamin heildargreiðsla vegna viðskiptanna. Gjaldldagi lántökugjalds skv. 18. gr. laganna hafi verið innan fimm virkra daga, frá því að samningur þeirra um vöruúttekt við Carvouga var gerður. Ljóst sé því, að gjaldldagi á lántökugjaldinu vegna viðskipta stefnanda og Carvouga hafi verið löngu upprunninn, þegar samningaumleitanir hófust um greiðslu skulda stefnanda við Carvouga vorið 1988. Við þær umræður hafi talsmenn stefnanda ekkert minnst á, að þeir skulduðu umrætt lántökugjald, enda þó að þeim hafi þá verið eða mátt vera fullkunnugt um lántökugjaldið og gjaldldaga þess. Forsvarsmönnum Carvouga og stefnda hafi þá hins vegar verið ókunnugt um tilvist lántökugjaldsins. Carvouga-mönnum sé það afsakanlegt, þó að þeir hafi ekki kynnt sér til hlítar íslenska skattalöggjöf, og starfssvið stefnda sé ekki á sviði utanríkisverslunar eða lánaviðskipta við útlönd. Báðum fyrirtækjunum hafi auk þess verið gjaldið óviðkomandi.

Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. laga nr. 10/1988 skyldi greiða lántökugjaldið eigi síðar en við fyrstu afhendingu samningsandvirðis. Þar sem stefndi hafi

séð um milligöngu við umrædda samningsgerð milli fyrirtækjanna og milligöngu um greiðslu á eftirstöðvum skuldarinnar, hafi hann séð um greiðslu á lántökugjaldinu 19. maí 1988 í umboði stefnanda. Ekki hafi verið hægt að koma til skila samningsandvirðinu frá stefnanda til Carvougna nema greiða lántökugjaldið áður, og hafi stefnanda verið tilkynnt það símleidis strax við greiðslu gjaldsins. Vegna áðurnefnds dráttar á greiðslu lántökugjaldsins hafi þurft að greiða 25% álag ofan á 2% lántökugjaldið og einnig dráttarvexti af umræddu gjaldi, allt í samræmi við 18. gr. laga nr. 10/1988. Samanlagt nemi gjaldið 83.761 krónu, sem er stefnufjárhæð máls þessa.

Stefndi hafi ekki verið aðili að samkomulagi eða viðskiptum stefnanda og Carvougna, og hafi því engin greiðsluskylda hvílt á stefnda. Þá hafi stefnandi ekki getað undanskilið sig greiðslu lántökugjaldsins með sáttinni við Carvougna. Um sé að ræða opinbert gjald, sem einstaklingar eða einkafyrirtæki geti ekki samið sig undan.

Loks tekur stefndi fram, að það hafi verið grundvallarforsenda af hálfu Carvougna fyrir samningsgerðinni 19. maí 1988 og eftirgjöf á skuldum stefnanda, að umsamin fjárhæð, 120.000 þýsk mörk, fengist greidd með öruggum hætti og skertist ekki vegna opinberra gjalda, sem innlendum aðilum beri að standa skil á og komi erlendum fyrirtækjum í raun ekkert við.

Forsendur og niðurstaða.

Fram kemur í málinu, að Carvougna hafði gert stefnanda reikninga fyrir vörur, sem seldar voru og sendar stefnanda, samtals að fjárhæð 196.367 þýsk mörk, og eru þeir dagsettir á tímabilinu 30. september til 31. desember 1987. Því er haldið fram af stefnda, að af viðskiptum þessum hafi átt að greiða lántökugjald skv. 18. gr. laga nr. 10/1987, svo sem gert var.

Samkvæmt sátt þeirri, er Carvougna og stefnandi gerðu með sér 19. maí 1988 um uppgjör vegna framangreindra viðskipta, skyldi stefnandi greiða 120.000 þýsk mörk með greiðslu á 1.512.281 íslenskrí krónu við undirritun sáttarinnar, og eftirstöðvar, er skuldabréf, er látið var í vörslur umboðsmanns Carvougna, stefnda, félli í gjalddaga, 24. ágúst 1988. Stefnandi greiddi peningafúlguna við sáttargerðina, og skuldabréfið var greitt á gjalddaga.

Í 6. tölulið sáttarinnar er tekið fram, að við undirritun hennar sé leyst úr öllum deilum vegna reikninganna og að hvorugur aðila eigi kröfu á hendur hinum vegna viðskipta þeirra.

Stefnandi efndi að fullu skyldur sínar samkvæmt sátt hans og Carvougna, og lántökugjaldið var gjaldfallið við sáttargerðina, og áttu aðilar að gera ráð fyrir því við uppgjör viðskipta sinna.

Stefnandi mátti því ætla, að við sáttina væri lokið greiðslum hans vegna

skipta þeirra Carvouga. Þar að auki verður að líta til þess, að hann átti að greiða í íslenskum krónum, greiðslustaður var hér á landi og að umboðsmaður Carvouga, stefndi, átti að sjá um gjaldeyrisyfirfærslur til hins síðarnefnda.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi átt kröfu á hendur stefnanda, sem heimilaði honum að halda hluta greiðslu til stefnanda, eftir að fyrrgreint skuldabréf var greitt. Verður því fallist á allar kröfur stefnanda, og eftir úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 55.000 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Lögheimtan h/f, greiði stefnanda, Tækja-tækni h/f, 83.761,90 krónur með 56,4% dráttarvöxtum á ári frá 26. ágúst 1988 til 1. september s.á., með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. október s.á., með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 27,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. desember s.á., með 24% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. janúar 1989, með 21,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. mars s.á., með 24% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. lög nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 26. ágúst 1989. Stefndi greiði stefnanda 55.000 krónur í málskostnað, sem beri dráttarvexti frá þeim degi, er liðnir eru 15 dagar frá dómsuppsögu, og leggjast áfallnir vextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn, er 12 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er liðnir eru 15 dagar frá dómsuppsögudegi.